

Menningarnefnd Snæfellsbæjar

185.fundur

Miðvikudagur 15.september 2019 kl. 12:00 – 13:30 Veitingarstaðurinn Hraunið, Ólafsvík.

Fundinn sátu: Erla Gunnlaugsdóttir, Einar Magnús Gunnlaugsson, Jón Kristinn Ámundsson, Ragnheiður Víglundsóttir og Rut Ragnarsdóttir.

Fundagerð ritaði Rut Ragnarsdóttir.

Dagskrá;

Jólaskipulag

Í stað þess að jólasveinar komi í 13 skipti í Pakkhúsið verður breyting á þeirri skemmtilegu hefð. Áfram kíkja jólasveinar á börn Snæfellsbæjar en í ár munum við skipuleggja það á 7 - 8 stöðum í bænum þar sem börnin eru boðin velkomin og sveinki syngur, les sögur eða annað skemmtilegt.

Hugmynd er að nýta bókasafn, kaffihús, veitingarstaði, söfn og fleiri staði í Snæfellsbæ.

Aðventudagatal Snæfellsbæjar

Ákveðið að vinna nýtt aðventudagatal með Átthagastofu og markaðs- og upplýsingafulltrúa þar sem allir opnunartímar og viðburðir í desembermánuði koma fram.

Dagatalið verður borið út í öll hús uppúr miðjum nóvember.

Jólahús Snæfellsbæjar og Piparkökuhús

Verðlaun fyrir báða viðburði verður í formi peningaverðlauna. Telur nefndin að með slík breyting geti aukið þáttöku.

Jólatónleikar

Rask á skipulagi listamanna verður til þess að breyta þarf dagsetningu á jólatónleikum. Ákveðið á næsta fundi 1.október

Umhverfisviðurkenningar

Menningarnefnd vill leggja til við bæjarstjórn að tekin verði upp umhverfisverðlaun og hvatningarverður til einstaklinga og fyrirtækja.

Umhverfisverðlaun veitt fyrir falleg húsnæði og/eða vel snyrta garða.

Hvatningarverðlaun til einstaklinga/fyrirtækja fyrir framkvæmdir á eignum sínum sem bæta og fegra ímynd bæjarins.

Byggðasafn Snæfellsbæjar í Pakkhúsi Ólafsvíkur

Ragnheiður Víglundsdóttir hefur unnið við þrif og tiltekt á Byggðasafninu í sumar. Menningarnefnd þakkar frábært og verulega þurft framtak.

Fundi slitið kl. 13:30